

Kleifarvatn, uppsetning tjalds.

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : kommi@icelandexpeditions.is
Heiti : Kleifarvatn, uppsetning tjalds.
Málsnúmer : 1703514
Málsaðili : Kormákur Hlini Hermannsson
Skráð dags : 24.03.2017 13:37:18
Höfundur : kommi@icelandexpeditions.is

Sæl Berglind og takk fyrir spjallið um daginn.

Við höfum um nokkurn tíma boðið upp á ferðir sem kallast Reykjavík Erupts og Geothermal Snorkeling en ferðirnar ganga út að kynna eldvirkni Reykjaness fyrir ferðamönnum og stuttan snorkel túr í Kleifarvatni.

Til þess að hrista hópinn saman og til þess að ná úr þeim hrollinum höfum við boðið upp á sögustund og einhverjar veitingar, súpu eða heitt kakó en það myndi koma sér mjög vel að geta sett upp tjald yfir daginn til þess að veita skjól meðan á því stendur. Þetta tjald yrði sett upp að morgni í sandfjörrunni austan við Hverahlíð og tekið niður að kveldi.

Ég hef rætt málið við Vilborgu hjá Stangveiðifélagi Hafnarfjarðar og hún tók vel í þetta en mælti með því að ég fengi samþykki ykkar. Við erum eins og alltaf aðeins með litla hópa og höfum nú þegar rætt við Hraunbúa um hugsanleg afnot af aðstöðu þeirra og þeir tekið vel í það enda lítil nýting á því húsi.

Mér þætti vænt um að heyra frá þér hvernig þetta yrði best gert og eins ef það eru einhver sérstök skilyrði frá ykkar hendi varðandi þetta fyrirkomulag.

Bestu kveðjurnar

--

Kormákur Hermannsson

Mobile: 354 821 2736

email: kommi@icelandexpeditions.is

Iceland Expeditions

www.icelandexpeditions.is

Hólmaslóð 2 101 Reykjavík

Phone: 354 777 0708

kt: 620371-0689